

Allsherjarnefnd Alþingis
Nefndasviði Alþingis v/Austurvöll
150 Reykjavík

Reykjavík, 19. apríl 2016

Vísað er til tölvubréfs Allsherjarnefndar 18. mars sl. þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til heildarlaga um dómstóla (þingmál 615) sem mælt var fyrir á Alþingi 18. mars sl. og er annað tveggja frumvarpa sem felur í sér stofnun millidómstigs. Jafnframt er vísað til fundar formanns Dómarafélags Íslands með allsherjarnefnd 15. apríl sl.

Svo sem vísað er til í almennum athugasemdum frumvarpsins tók fulltrúi Dómarafélags Íslands þátt í starfi þess rýnihóps sem aðstoðaði Sigurð Tómas Magnússon, prófessor, og Þorvald Heiðar Þorsteinsson, lögfræðing, við endanlega gerð frumvarpsins, eftir að nefnd innanríkisráðherra hafði skilað tillögum sínum 25. febrúar 2015. Starf rýnihópsins leiddi til þess að komið var til móts við helstu athugasemdir félagsins, sbr. athugasemdir stjórnar Dómarafélags Íslands 19. maí 2015 sem fylgir með bréfi þessu. Hér er þó vakin athygli á því sem fram kemur í umsögninni um að nægilega sé hugað að kostnaðargreiningu og fjármögnun nýs dómskerfis, einkum með hliðsjón af því að núverandi dómskerfi er í reynd rekið af vanefnum. Þá liggur fyrir að enn sem fyrr er gert ráð fyrir því að Hæstiréttur geti heimilað áfrýjun héraðsdóms beint til Hæstaréttar andstætt því sem lagt er til í téðri umsögn.

Í ljósi þessa aðdraganda kom það á óvart að nánari skoðun frumvarpsins hefur nú leitt í ljós að athugasemdir við 45. gr. frumvarpsins fela í sér ráðagerð um grundvallarbreytingu á heimildum dómara til að sinna aukastörfum. Nánar tiltekið segir þar að „ekki [sé] ráðgert að reglur [nefndar um störf dómara] heimili dómurum að taka að sér stjórnarsýslustörf á þágu framkvæmdar- eða löggjafarvalds, svo sem setu í úrskurðarnefndum, stjórnnum opinberra stofnana eða fastanefndum sem annast undirbúning lagabreytinga.“

Stjórn Dómarafélagsins vekur athygli á því að hvorki í tillögum nefndar innanríkisráðherra sem skilaði tillögum 25. febrúar 2015, né á nokkru stigi í vinnu áðurgreinds rýnihóps, komu fram hugmyndir um að þrengja heimildir dómara að þessu leyti. Samkvæmt þessu liggur fyrir að ekkert samráð hefur verið haft við dómara eða fulltrúa þeirra við þá breytingu á starfsumhverfi þeirra sem hér er lögð til.

Að því er varðar efnishlið þeirrar breytingar sem hér er lögð til er ljóst að hún felur það meðal annars í sér að dómurum er gert óheimilt að sitja í þeim nefndum á vegum ríkisins sem fjalla um málefni dómstóla og þá löggjöf sem um þau gildir, svo sem réttarfarsnefnd og

refsiréttarnefnd. Að mati stjórnarinnar er markmið breytingarinnar þannig beinlínis það að draga úr möguleikum dómara til að fjalla um málefni dómstólanna og þær reglur sem þeir beita í störfum sínum. Hefur reglan þannig í för með sér veikingu á stöðu dómara við umfjöllun um málefni dómstóla hjá ríkinu.

Stjórn Dómarafélagsins er ekki kunnugt um annað en að í þeim löndum sem við berum okkur saman við sé það tíðkanlegt að nýta kunnáttu og starfskrafta dómara til undirbúnings við lagasetningu, hvort sem er í sérstökum eða föstum nefndum. Frumvarpið ber það hins vegar ekki með sér að reglur um aukastörf dómara í öðrum löndum hafi verið skoðaðar, t.d. reglur í Danmörku og Noregi.

Seta dómara í rannsóknar- og úrskurðarnefndum kann vissulega að leiða til þess að dómarar verði vanhæfir í einstökum málum sem höfðuð eru fyrir dómstólum. Hins vegar ber að líta til þess að seta dómara í þessum nefndum kann að styrkja þær og stuðla að því að þær nái betur því markmiði að mál séu leyst með ódýrum og skilvirkum hætti án aðkomu dómstóla. Að því er varðar þessar nefndir telur stjórnin eðlilegt að nefnd um störf dómara taki afstöðu til þess í hverju og einu tilviki hvort réttlætanlegt sé, meðal annars með tilliti til starfsálags og fjölda stjórnssýslumála sem líkleg eru til að koma fyrir dómstóla, að dómari fallist á skipun í úrskurðarnefnd. Þótt almennt bann við setu í rannsóknar- og úrskurðarnefndum kunni að „skerpa á skilum dómsvaldsins og framkvæmdavaldsins“ hefur því hingað til verið litið svo á að rétt væri að um þetta efni gildi sveigjanleg regla. Stjórnin bendir á að í athugasemdum frumvarpsins kemur ekki fram neitt mat á þessum hagsmunum eða hvaða áhrif þessi breyting hafi á stöðu og starfsumhverfi dómara.

Samkvæmt framangreindu styður Dómarafélag Íslands meginefni frumvarpa um millidómstig. Félagið telur hins vegar að engin haldbær rök hafi komið fram um að nauðsynlegt sé að breyta gildandi reglum um aukastörf dómara. Jafnframt er óhjákvæmilegt að lýsa yfir vonbrigðum yfir því að félaginu skuli ekki hafa verið gefin kostur á því að tjá sig um þennan þátt málsins á fyrri stigum þess. Er því skorað á allsherjarnefnd Alþingis að breyta umræddu frumvarpi á þá leið að gildandi reglur um aukastörf dómara verði áfram óbreyttar.

Virðingarfyllst,



Skúli Magnússon